



Hvað er Team Rynkeby?

Team Rynkeby er góðgerðaverkefni sem hófst árið 2002 þegar nokkrir starfsmenn danska safaframleiðandans Rynkeby Foods ákváðu að hjóla frá Danmörku til Parísar. Fyrirtækið var aðalstyrktaraðili ferðarinnar, en einnig fengust styrkir frá öðrum fyrirtækjum. Svo vel gekk að safna styrkjum að afgangur var. Afgangurinn var gefinn deild krabbameinssjúkra barna á háskólasjúkrahúsinu í Odense.

Team Rynkeby hefur síðan þá stækkað ár frá ári og eru nú lið frá öllum norðurlöndunum. Þátttakendur 2018 voru rúmlega 2.300, þar af um 1900 hjólarar og 400 aðstoðarmenn. Öll liðin hjóla til styrktar börnum með alvarlega sjúkdóma, hvert í sínu landi. Ísland var með þátttökulið í fyrsta sinn árið 2017. Þá söfnuðust 9.414.067 kr. Árið 2018 söfnuðust **16.612.744 kr.** sem var afhent Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna (SKB).

Nýtt lið er valið að hausti. Liðsmenn greiða sjálfir allan sinn kostnað (hjól, ferðir, fatnað, gistingu o.fl.) ekki er um keppni að ræða heldur hjólar hvert lið saman alla leið. Hjólaðir eru um 1300 km. á 8 dögum.

Team Rynkeby liðin hafa öll sömu markmið:

- Safna peningum í hverju landi fyrir sig, fyrir börn með alvarlega sjúkdóma og til rannsókna á þeim.
- Koma þátttakendum í það gott form að þeir geti hjólað um 1300 km
- Hafa gaman af og þátttakendur styðji hvern annan.

Undirbúningur fyrir ferðina 2019 er hafinn. Þátttakendur verða rúmlega 2.600 í 54 liðum frá öllum norðurlöndunum og Þýskalandi sem tekur þátt í fyrsta sinn. Í íslenska Team Rynkeby liðinu verða 40 hjólarar og 9 manna aðstoðarteymi.

Ykkar framlag

Það er von okkar að ykkar fyrirtæki taki þátt í þessu góða samfélagsverkefni með okkur og styðji **Team Rynkeby Ísland**.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Liðsfélagar Team Rynkeby Ísland

Nánari upplýsingar: www.teamrynkeby.is og www.facebook.com/TeamRynkebyIsland

Styrktaraðilar

Styrkir renna 100% til SKB og skiptast í 4 flokka.

Platínu (frá 2.000.000 kr.)

Mögulegt til 18. janúar 2019



- Lógó á reiðhjólafatnað sex liða.
- Styrktarkynningu á vefsíðu Team Rynkeby t.d. tilboð, afslætti, kynningarmyndband eða slóð á eigin vefsíðu.
- Lógó á fylgdarbíla sex liða
- Lógó á forsíðuna á vefsíðu Team Rynkeby.
- Eina sérhannaða hjólatreyju með lógoum frá öllum Team Rynkeby platínustyrktaraðilum.
- Styrktaraðilaskírteini.
- Platínustuðningsborða til notkunar á eigin vefsíðu

Gull (frá 400.000 kr.)

Mögulegt til 18. janúar 2019



Sem Gullstyrktaraðili færð þú:

- Lógó á reiðhjólafatnað íslenska liðsins.
- Lógó á fylgdarbíla íslenska liðsins.
- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby.
- Styrktaraðilaskírteini.
- Gullstuðningsborða með lógó Team Rynkeby til notkunar á eigin heimasíðu.

Silfur (frá 200.000 kr.)

Sem Silfurstyrktaraðili færð þú:

- Lógó á fylgdarbíla íslenska liðsins.
- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby.
- Silfurstuðningsborða með lógó Team Rynkeby til notkunar á eigin heimasíðu.



Brons (frá 10.000 -199.000 kr.)

Sem Bronsstyrktaraðili færð þú:

- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby.
- Bronsstuðningsborða með lógó Team Rynkeby til notkunar á eigin heimasíðu.



Liðs (Vörur, þjónusta eða peningar)

Sem styrktaraðili liðs færð þú:

- Lógó á vefsíðu Team Rynkeby.
- Liðsstuðningsborða á eigin vefsíðu.

